

# GANGAN MIKLA

Ljóð Maós Tsetúngs

## ÖRFÁ AÐFARARORÐ

Hér birtast þýðingar mínar á ljóðum Maós formanns, gerðar árið 1977 og birtar í bókinni GANGAN MIKLA sem gefin var út af Prent húsinu og mér í afar fallegu umbroti Árna M. Björns-sonar. Hér hef ég endurskoðað þýðingarnar og uppsetningu þeirra.

Reykjavík í október 2019  
Guðmundur Kristinn Sæmundsson

# LIÓÐASKRÁ

Tsjangsjá.....	4
Sumarskáli gulu trönnar.....	6
Tsingkang-fjöll.....	7
Barátta Tsjang Kæsjeks og Kvangsí-óaldarflokksins.....	8
Tsjúngjang-hátíðin.....	9
Nýársdagur.....	10
Á leið til Kvangtsjang.....	11
Frá Tíngtsjó til Tsjangsjá.....	12
Gegn fyrstu útrýmingarherferðinni.....	13
Gegn annarri útrýmingarherferðinni.....	14
Tapótí.....	15
Húitsjang.....	16
Lósjan-skarð.....	17
Þrjú smáljóð.....	18
Gangan mikla.....	19
Kúnlún.....	21
Ljúpan-fjall.....	23
Snjór.....	24
Þjóðfrelsisherinn hertekur Nankíng.....	26
Svar til Líu Jatsú.....	27
Svarljóð til Líu Jatsú.....	28
Peitæhó.....	29
Sundsprettur.....	30
Svar til Lí Sjújí.....	32
Fyrsta kveðja til farsóttarguðsins.....	33
Önnur kveðja til farsóttarguðsins.....	35
Aftur til Sjasjan.....	36
Lúsjan.....	37
Konurnar í Alþýðuhernum.....	38
Svar til vinar.....	39

Áritun á ljósmynd félaga Lí Tsín af helli hinna ódauðlegu á	
Lúsjan-fjalli .....	40
Svar til félaga Kúó Mójó .....	41
Vetrarplómutréð .....	42
Vetrarský .....	43
Svarljóð til félaga Kúó Mójó.....	44
Gengið á ný á Tsíngkang-fjöll.....	46
Tveir fuglar ræðast við .....	48

## Tsjangsja

Aleinn

í haustnæðingnum við Appelsínuey

þar sem Hsiang-fljótið rennur norður á bóginn

- stend ég og virði fyrir mér rauð fjöllin

haustliti mjórra skógarbelta

báta í hundraðatali sem þokast áfram

yfir tært vatnið

Erni ber við himin

Fiskar smjúga djúp vötnin

Undir hausthimni berst allt sem lifir

fyrir frelsi sínu

Og ég spyr þrúgaður af óendanleikanum:

- Hver er það sem ræður

örlögum þessarar jarðar?

Eitt sinn gekk ég hér með vinum mínum  
hönd i hönd  
Ég man þá tíð  
og hve dagarnir voru annasamir  
Við vorum skólafélagar  
svo ungir  
svo þyrstir í þekkingu  
svo fullir af hrifningu nemandans  
Alla hnúta skárum við á án þess að depla augum  
létum hugann reika að fjarlægum markmiðum  
tendruðum glóð í hugum alþýðu með orðum okkar  
- Hve við fyrirlitum valdhafana!  
Já  
munið þið heitin  
þegar við ýttum bátunum út í strauminn  
og þutum af stað á móti bylgjunum?<sup>1</sup>

---

1 Bragarháttur: „Vor í Tsín-garði“. Ljóðið er ort 1925. Tsjangsja er borg við Hsiang-fljótið. Appelsínuey er í fljótinu beint á móti borginni. Maó gekk í skóla í Tsjangsja á árunum 1911 til 1918 og synti oft með skólafélögum sínum úti við eyna.

# Sumarskáli gulu trönnunar

Voldug

voldug

eru Fljótin níu sem renna yfir Kína

Óendanleg

óendanleg

er línan sem sameinar suðrið og norðrið

Þoka og regn fela himin

En Slöngufjall og Skjaldbökufjall spennu greipar

um Fljótið mikla

Hvert er gula tranan flogin?

Aðeins ferðalangar eiga hér afdrep

Ég helli drykkjarfórn í löðrandi vatnið

og í sál minni rís einnig bylgja.<sup>2</sup>

---

2 Bragarháttur: „Pú Sa-barbararnir“. Ljóðið er ort vorið 1927. Sumarskáli gulu trönnunar er á hæð einni utan við Vúhan. Við rót hæðarinnar rennur Jangtsekíang (Fljótið mikla) en þar rennur í hana fjöldi hliðarfljóta, hin svonefndu Fljótin níu. Samkvæmt gamalli þjóðtrú átti sá sem vildi synda eða sigla yfir Fljótið mikla að færa drykkjarfórn til að þvinga fljótið á táknrænan hátt undir vilja sinn.

## Tsíngkang-fjöll

Við rætur fjallsins stirnir á fána  
við tind bess gjalla lúðrar  
Eins og naglbítur  
þrengir óvinaherinn að oss  
en vér stöndumst  
Vér höfum ekki

Vér höfum reist virkismúra  
viljinn er virki vort  
Frá Húangjangtséh þrumar fallbyssu  
þá vitum vér það -  
Fjandmaður vor lagði á flótta  
út í myrkur næturinnar.<sup>3</sup>

---

3 Bragarháttur: „Máninn í Vesturfljóti“. Ljóðið er ort haustið 1928. Í ágúst 1927 setti Maó á stofn fyrstu herstöð byltingarinnar í Tsíngkang-fjallabákninu. Í ágúst 1928 réðist herlið þjóðernissinna á varnarstöðvar kommúnista í fjallagilinu Húangjangtséh en varð frá að hverfa eftir mikið afhröð.

# Barátta Tsjang Kæsjeks og Kvangsí- óaldarflokksins

Vindar gnauða  
ský þjóta yfir himin  
Enn hafa hershöfðingjarnir komið af stað stríði  
Eymd og volæði breiðast út um landið  
„Eftir drauminn vakna ég til hirsisins“

En Rauði fáninn  
er kominn yfir Ting-fljótið  
Lúngen og Sjanghang eru frelsuð  
Enn einn hluti Gullvasans er endurbættur  
Vér skiptum niður eignum  
og deilum út jörð!<sup>4</sup>

---

4 Bragarháttur: „Gleði hins hreina friðar“. Ljóðið er ort haustið 1929. Í mars 1929 tóku hershöfðingjarnir á ný upp baráttu sína. Kvangsí-óaldarflokkurinn réðst gegn Tsjang Kæsjek sem á sama tíma var önnur kafinn við að reyna að halda kommúnistum niðri. Friðurinn var sem sé aðeins draumur. Skamkvæmt sigildri kínverskri goðsögn hitti maður að nafni Lú Sjeng ódauðlegan landa sinn, Lú Veng, á gisti húsi og kvartaði yfir hlutskipti sínu í lífinu. Lu Veng lánaði Lú Sjeng koddan. Lú Sjeng hafði ekki fyrr lagt höfuðið á koddann en hann sofnaði. Hann dreymdi að hann væri hamingjusamastur allra dauðlegra manna. En þegar hann vaknaði var hirsíð sem veitingamaðurinn hafði sett yfir til að hafa í mat handa þeim enn ekki tilbúið. - Það er hefð frá gamalli tíð að líkja Kína við Gullvasa. Frelsisherinn reynir nú brot eftir brot að setja saman hlutana.

# Tsjungjang-hátíðin

Mannfólkið eldist svo hratt  
svo hratt -  
en náttúran er síung  
Ár eftir ár  
er Tsjungjang-hátíðin haldin  
nú er aftur komið að henni  
Torgin anga af krýsantemómum

Hvert ár  
á sína bitru haustvinda  
Þeir eru ekki eins og vorbirtan  
sem gleymist þegar haustvindar hvína á ný  
Himinn og fljót leggjast hrími.<sup>5</sup>

---

5 Bragarháttur: „Stúlkan sem tínir multuberjablöð“. Ljóðið er ort í október 1929. Tsjungjang-hátíðin er hausthátíð, níundi dagur níunda mánaðar skv. fornu kínversku tímatali. Árið 1929 lenti hátíðin á 11. október, afmælisdegi misheppnuðu byltingarinnar 1911.

# Nýársdagur

Nínghúa, Tsínglíú, Kveihúa  
stígarnir eru þröngir  
skógarnir djúpir  
mosinn sleipur  
Hvert skal halda i dag?  
Sjá!  
við rætur Vúji-fjallsins  
við fjallið  
við rætur fjallsins  
Þar blakta rauðir fáanar tignarlega í golunni.<sup>6</sup>

---

<sup>6</sup> Bragarháttur: „Eins og í draumi“. Ljóðið er ort í janúar 1930. Nínghúa, Tsínglíú og Kveihúa eru svæði í Fúkén-fylki.

## Á leið til Kvangtsjang

Öll víðáttan er hvít  
her vor þrammar áfram í snjónum  
fjallstindar gnæfa yfir oss  
Stórt skarðið leggjum vér að baki  
rauðir fánar blakta í vindi  
Hvert ætlum vér?  
- Að snævi þöktu Kan-fljóti  
út í árfarveginn  
Í gær hljómaði skipunin:  
Hundrað þúsund verkamenn og bændur –  
Til Kían!<sup>7</sup>

---

<sup>7</sup> Bragarháttur: „Magnolíublómið”. Ort í febrúar 1930. Kían er bær í Kíangsí-fylki. Árið 1930 reyndi Rauði herinn, sem hafði bækistöð í fjalla-svæðinu Kvangtsjang, níu sinnum að hernema bæinn, í fyrsta sinn í febrúar.

## Frá Tíngtsjó til Tsjangsja

Júní -

Hersveitir himins

ráðast til atlögu gegn spillingu og rotnun

Með þúsund mílna reipi

tjóðra þær óvættir láðs og lagar

Hins vegar Kan-fljóts

er jörð þegar orðin rauð -

Húang Kúnglúeh er kominn yfir!

Milljónir verkamanna og bænda  
í hrifningu

Eins og dregill

leggst kíangsi að fótum þeirra

þeir stefna til Húnan og Húpei

með Alþjóðasönginn á vörunum

þann völduga söng

Og villtir stormar

falla af himnum ofan

oss til hjálpar.<sup>8</sup>

---

8 Bragarháttur: „Fiðrildið elskar blóm“. Ljóðið er ort í júlí 1930. Herlið himins var nafnið sem uppreisnargjarnir bændur í Tæ-píng höfðu gefið sjálfum sér einni öld áður. - Húang Kúnglúeh (1898-1931) var foringi hægra armsins í framvarðaveit Rauða hersins. – Óvættir láðs og lagar beina huganum að fornri kínverskri þjóðsögn: Risafugl (hvalur í álögum) sem aðeins gat hafst við í storminum flutti með sér ógæfu. Væri hægt að „sigra“ vindinn var vætturinn þar með sigruð. - Frá fornu fari hafa Kínverjar álitid að júní-stormar flyttu með sér farsóttir.

## Gegn fyrstu útrýmingarherferðinni

Trén eru skínandi rauð  
undir frosthimninum  
Reiði himnahersveitar  
slær ljóma á skýin  
Í móðunni  
sem hylur þúsund tinda Dre kafjalls  
hrópa allir einum rómi:  
- Framvarðasveitin  
hefur tekið Tsjang Húítsang til fanga!

Á ný  
hafa tvö hundruð þúsundir óvinanna  
farið inn í Kíangsí  
Rey ský fellur af himni  
það er uppreisnartáknið  
- Milljónir verkamanna og bænda sameinast í baráttu  
undir rauðri fánaborg við rætur Pútsjó-fjalls.<sup>9</sup>

---

9 Bragarhátur: „Fiskimaðurinn er stoltur“. Ort vorið 1931. Í lok árs 1930 ákvað Tsjang Kæsje sem farinn var að óttast baráttuþol kommúnista að útrýma uppreisnarhernum og eyða herstöðvum hans. Tsjang Húítsang var foringi framvarðasveita Tsjangs. Fimm slíkar útrýmingaratlögur voru gerðar að kommúnistum sem tókst að brjóta fjórar þeirra a bak aftur. Við þá fimmtu urðu þeir að leggja á flóttu. Þá hófst Gangan mikla sumarið 1934.

## Gegn annarri útrýmingarherferðinni

Tindur Hvítuskýjafjalls er hulinn skýjum  
við rót þess færast angistarópin í aukana  
Þurrar greinar og gamlir kvistir  
safnast saman  
Heill skógur vopna geysist fram  
Hershöfðinginn fljúgandi  
kemur þjótandi niður úr skýjunum

Sjö hundruð lí  
höfum vér lagt að baki á fimmtán dögum  
viðáttumikil vötn Kan-fljóts  
græn fjöll Fúkéns  
Vér höfum þurrkað út þúsund herdeildir  
vafið þeim saman eins og mottum  
Einhver kjökrar –  
en nú er of seint að gráta ranga stjórnlist.<sup>10</sup>

---

10 Bragarháttur: „Fiskimaðurinn er stoltur“. Ljóðið er ort sumarið 1931. Í þessari atlögu var aðstaða enn verri fyrir Rauða herinn en í þeirri fyrstu. - Þurrar greinar og gamlir kvistir: Kúómintangher, her Tsjangs Kæsjeks. - Fljúgandi hershöfðinginn var auknefni á herforingja í gamalli tíð, Lí Kúang, sem var þekktur fyrir snarræði. Maó notar hér nafnið sem heiðursnafn á Tsjú Téh, hernaðarlegum yfirforingja rauðu skæruliðasveitanna.

## Tapótí

Rautt, rauðgult, gult  
grænt, blátt, fjólublátt, fjólurautt!  
Hver er það sem dansar  
og veifar litborðum sínum að himni?  
Eftir regnið  
kemur kvöldsólin fram  
Blámi ása og fjalla dýpkar

Eitt sinn var hér háður trylltur bardagi  
Í þorpsmúrunum eru kúlnagöt  
en í dag  
prýða þau ásana og fjöllin  
Hér er fegurra en nokkru sinni fyrr.<sup>11</sup>

---

<sup>11</sup> Bragarháttur: „Pú Sa-barbararnir“ Ort sumarið 1933. Við Tapótí í Kíangsí-fylki barðist Rauði herinn árið 1930 við lið Tsjangs og vann mikinn sigur. Á árunum 1930 til 1933 umkringdi Tsjang þorp þetta fjórum sinnum án þess að ná því á sitt vald. - Í Kína eru vissir dansar dansaðir um leið og sveiflað er löngum litborðum.

# Húítsjang

Í austri roðar af degi  
Segið ekki að vér höfum lagt of snemma af stað  
Enginn eldist við að reika  
yfir þessa grænu ása  
Aðeins hér  
er hin raunverulega fegurð

Fjöllin rísa bak múranna í Húítsjang  
tindur af tindi  
allt til hafsins í austri  
Hermennirnir benda suður á bóginn  
í átt til Kvangtúng  
- Þar er enn grænna og frjósamara<sup>12</sup>

---

<sup>12</sup> Bragarháttur: „Gleði hins hreina friðar“. Ljóðið er ort sumarið 1934. Húítsjang liggur á mótum Fúkén og Kvangtúng. Í janúar 1930 höfðu kommúnistar náð Húítsjang-svæðinu og sett þar upp herstöð.

## Lósjan-skarð

Bítandi vestanvindar  
frosthiminn  
morgunmáni  
Langt fjarri –  
garg villigæsa  
hófatak dunar  
lúðraköll hljóðna

Já  
skarðið kann að vera gjört af járni  
en í dag  
komumst vér upp fyrir alla tinda  
Vér stígum rakleiðis yfir þá  
Bylgjandi hæðirnar  
eru grænskærar sem hafið  
Sökkvandi sólin  
er rauð sem blóð<sup>13</sup>

---

<sup>13</sup> Bragarháttur: „Ég minnst Tsín Ó“. Ljóðið er ort í febrúar 1935. Þetta er fyrsta ljóð Maós úr Göngunni miklu, ort eftir ráðstefnuna í Tsúnjí þar sem Maó var kosinn formaður Stjórnmalanefndar Kommúnistaflokks Kína. - Lósjan-skarð er í Kveitsjó-fylki, ekki langt frá Szetsjúan. Sagt er að skarðið sé svo þröngt að þar geti einn maður varist tíu þúsundum. Rauði herinn tók skarðið fyrst í janúar 1935, í annað sinn í febrúar sama ár.

## Þrjú smáljóð

Fjöll!

Ég keyri hestinn

sný mér í söðli

undrast :

- þrjú fet og þrjá þumlunga frá himni !

Fjöll!

Þér eruð sem rísandi bylgjur

eins og þúsund trylltir hestar

sem vaða áfram

í iðu bardagans

Fjöll!

Þér rjúfið bláma himins

en eggjar yðar slævast ekki

Án stuðnings yðar

mundi himinninn hrynja.<sup>14</sup>

---

<sup>14</sup> Bragarháttur: „Söngurinn um Kíang Hú“. Ljóðin eru ort 1934-35. Hvert ljóð samanstendur á frummálinu af 16 rittáknum. Ljóðin eru ort í Göngunni miklu. Fyrsta ljóðið vísar til gamals þjóðkvæðis:

Þar uppi er Hauskúpufjall

þar niðri er Fjall hinna átta fjarsjóða

Þú ert þrjú fet og þrjá þumlunga frá himni

Til að komast fótgangandi yfir verður þú að beygja höfuð

til að komast með hesti verður þú að stíga úr söðli.

# Gangan mikla

## Rauði herinn

óttast ekki langar göngur

Fyrir hann

eru þúsund fjöll

og tíu þúsund fljót ekkert

Fjallgarðarnir fimm aðeins ójöfnur á vatni

hið risastóra Vúmeng-fjallabákn

aðeins moldarköggull

undir fótum!

Heitar  
eru fægðar klappirnar  
sem Fljót hins gullna sands skolar  
Kaldir  
eru járnhlekkirnir  
sem spenna brú yfir Tatú-fljót  
Meiri var þó gleðin  
í fannbreiðum Mínsjans -  
Er herirnir þrír voru komnir yfir  
ljómaði hvert andlit  
í brosi.<sup>15</sup>

---

<sup>15</sup> Sjökvæð áttenda. Ort í október 1935. Þann 16. október 1934 yfirgaf Rauði herinn herstöð sína í Kíangsí. Gangan mikla var hafin, gangan yfir 12.000 km vegalengd. Í bókinni „Red Star over China“ skrifar Edgar Snow:

Það var að jafnaði ein orrusta á dag, stundum allt að 15 daga óslitinn bardagi. Gangan stóð yfir í 368 sólarhringa. Gengið var í 235 skipti að degi til og 18 sinnum að næturlagi . . . Dagleg ganga var jafnaðarlega 70 lí, um það bil 39 km.

Á þessum tíma varð herinn að fara yfir fjölda fjalllendissvæða, meðal annars Fjallgarðana fimm í Suðaustur-Kína og Vúmeng-fjallbáknið milli Kveitsjó og Júnann-fylkis. Hann fór yfir 24 stórflyót, þar á meðal Jangtsekíang sem í efra farvegi sínum nefnist Fljót hins gullna sands og Tatú-fljótið milli Szetsjúan og Síkang. Við Tatú-fljót lokuðu óvinirnir yfirferðinni algjörlega. Það var aðeins ein brú, 200 metra löng, krækt saman með 13 járnhlekkjum, sem lausum plönkum var tyllt á. Flestir þessara planku höfðu nú verið fjarlægðir af liði Tsjang Kæsjecks. Þrjátíu sjálfboðaliðar skriðu yfir eftir járnhlekkjunum. Um helmingur þeirra komst alla leið og gat veitt viðnám þar til afgangur herliðsins var kominn yfir. Síðasta stóra þrekvirki göngunnar var hið snæviþakta Mínsjan-fjall. Þegar herinn um síðir komst yfir til Sénsí (þar sem var byltingarsinnuð andjapönsk herstöð) voru aðeins 10.000 eftir af þeim 100.000 þátttakendum sem lagt höfðu af stað.

# Kúnlún

Hátt

eins og þú sért ekki af þessum heimi

stendur þú risavaxna Kúnlún

Fegurðina í lífi alheims þekkir þú –

þrjár milljónir silkidreka

á þyrlandi flótta –

loftið mettast frosti –

En á sumrin

bráðna ís og snjór

ár flæða yfir bakka sína

fólk verður að fiskum og skjaldböfum

Óteljandi

eru dáðir þínar og illvirki

Hver getur nokkru sinni dæmt þig?

En nú segi ég þér  
Kúnlún  
þú þarft ekki alla þessa hæð  
ekki allan þennan snjó  
Gæti ég aðeins dregið úr slíðrum Sverðið mikla  
sem hallast að himni  
skæri ég þig í þrennt –  
einn hluta gæfi ég Evrópu  
einn hluta gæfi ég Ameríku  
einn hluta hefðum við hér í Austrinu  
- þá tæki Friðurinn mikli völdin  
þá ættu allir jafnan hlut  
í hlýju þinni  
og kulda þínum.<sup>16</sup>

---

<sup>16</sup> Bragarháttur: „Nén Nú er fögur“. Ljóðið er ort í október 1935. Kúnlún er nafn fjallgarðs sem er 4.000 km langur og liggur um miðbik Asíu. Rauði herinn gekk sumarið 1935 yfir Mínsjan og hermennirnir gátu þá séð hinn eilífa snjó á Kúnlún í norðvestri. Bæði Jangtsekiang og Gulafljót eiga upptök sín þarna. – Sverðið mikla sem hallast að himni kemur fyrir í mörgum fornum kínverskum ljóðum. - Maó skrifar í athugasemd við þetta ljóð:

Sígilt ljóðskáld hefur sagt: „Þegar hinar þrjár milljónir silkidreka berjast fyllist loftið af afrifnu hreistri þeirra.“ - Þannig lýsti hann þyrlandi snjónum. Ég fékk að láni þessa líkingu til að gefa mynd af snæviþöktu fjallinu.“

## Ljúpan-fjall

Hár himinn  
björt ský  
Vér sjáum villigæsir  
hverfa til suðurs  
þeir sem ekki komast til Múrsins mikla  
eiga ekki skilið að kallast menn  
Ef allt er saman tekið  
höfum vér gengið  
tuttugu þúsund lí

Á tindi Ljúpan-fjalls  
blaktir rauður fáni vor í vestanvindi  
Í dag  
höfum vér langt reipið í höndum vorum  
Hvenær auðnast oss að binda Drekanum Græna?<sup>17</sup>

---

<sup>17</sup> Bragarhátturnar: „Gleði hins hreina friðar“. Ort í október 1935. Þann 7. október 1935 braust Rauði herinn gegnum víglínu fjandmannanna í Ljúpan-fjalli og tókst að komast inn í Sénsí-fylki sem Múrin mikli liggur meðal annars um. Baráttan gegn Japönnum (Drekanum Græna) sem höfðu ráðið yfir Mansjúríu og hluta af Norður-Kína, gat nú hafist fyrir alvöru. - 20.000 lí: <sup>1</sup>/4 af ummáli jarðar.

## Snjór

Landið i norðri:  
Vindur og birta  
þúsund lí umlukin ís  
tíu þúsund lí undir snjóbreiðu  
Norðan og sunnan  
Múrsins mikla  
eru aðeins auðar víðáttur  
Í Gulafljóti  
hafa hringiðurnar kyrrst  
Fjöllin  
eru dansandi silfurslöngur  
víðátturnar  
stökkvandi vaxfílar  
þeir mæla hæð sína við himin  
Í veðursældinni sérð þú hana  
jörð vora  
prýdda rauðu slöri  
yfir hvítum kjól  
Meira tælandi fegurð  
er ekki til!

Já  
þessi fljót og þessi fjöll  
eru fögur  
óteljandi hetjur hafa þau lokkað til sín  
Það var leitt  
að keisararnir af Tsín og Han  
voru svo fátækir í anda  
að keisararnir af Tang og Súng  
höfðu svo litlar mætur a ljóðlist  
og að Djengis-khan  
sem eitt sinn var eftirlæti guðanna  
gat aðeins spennt boga sinn  
gegn örnum loftsins –  
Allir eru þeir horfnir  
en mennirnir  
sem eru prýddir göfgi  
og geta sigrað  
eru hér og nú.<sup>18</sup>

---

<sup>18</sup> Bragarháttur: „Vor í Tsín-garði“. Ort í febrúar 1936. Þetta mun vera þekktasta ljóð Maós. Landslagið sem lýst er í fyrsta erindinu er aðallega í fylkjunum Sénsí og Sjansí. Tsín, Han, Tang og Súng eru frægar höfðingjættir í sögu Kína. Djengis-khan er hinn frægi mongólski herforingi (um 1162-1227). Lí er kinversk lengdareining, tæplega 600 metrar.

## Þjóðfrelsisherinn hertekur Nankíng

Við Tsjúng-fjall hvín stomur  
Ein milljón hraustra hermanna  
hefur farið yfir Fljótið mikla  
Borgin –  
sitjandi tígrisdýrið  
samanhnipraði drekinn –  
er tignarlegri en nokkru sinni fyrr  
Himinninn er á hvolfi  
jörðin er umturnuð  
reiði hetjanna byltir öllu

En vér verðum að vera árvökul  
vér verðum að elta uppi  
þessa örmagna glæpamenn  
Vér skulum ekki  
geta oss frægðar  
af því sama og einvaldurinn af Tsjú  
Hefði himinninn tilfinningar  
væri hann einnig orðinn aldraður  
Í heimi fólksins  
verða nú aðeins róttækar breytingar<sup>19</sup>

---

<sup>19</sup> Sjökvæð áttenda. Ort í apríl 1949. Tsjúng-fjalli austan við Nankíng er líkt við dreka en borginni sjálfri við tígrisdýr. Myndirnar vísa til hinnar hernaðarlega mikilvægu stöðu borgarinnar frá upphafi. - Einvaldurinn af Tsjú (233-202 f.Kr.) vildi skapa sér orðstír fyrir hjartagæsku og drap því ekki sigraðan fjandmann sinn, Líú Pang. Síðar sigraði Líú Pang einvaldinn sem þá framdi sjálfsmorð.

## Svar til Líú Jatsú

Ég gleymi ekki tedrykkjunni  
sem við áttum saman í Kantón  
Þú baðst um ljóð  
er laufin gulnuðu í Tsjúngkíng  
Þrjátíu og eitt ár er liðið  
ég kem aftur  
til vorrar fornu höfuðborgar

Ég les fögur ljóð þín  
Árstíð fölnaðra blóma  
hefur hafið innreið sína

Áhyggjur þínar eru of miklar  
lát þær ei yfirbuga þig  
Lítu fremur á atburðina úr nokkurri fjarlægð  
Segðu ekki að Kúnmíng-vatn sé of grunnt  
það er auðveldara að sjá fiskinn þar  
en í Fútsjún-fljóti.<sup>20</sup>

---

<sup>20</sup> Sjökvæð áttenda. Ort í apríl 1949. Þetta er svarljóð til vinar Maós, Líú Jatsú. Líú tók sér ferð á hendur frá Hongkong til að taka á móti Maó í Peking 8. mars 1949. Þegar hann var að fara þaðan aftur orti Maó þetta ljóð þar sem 1. og 2. lína vísa til þess er þeir hittust 1924, 3. lína til óskar Líús um að fá hjá Maó ljóðið „Snjó“ - og 5.-7. lína til fyrstu ferðar Maós til Peking árið 1918. - Jen Kúang (úr Han-ættinni síðari (25-220 e.Kr.)) yfirgaf hofið í Tsékiang til að stunda fiskveiðar í Fútsjúnfljóti og dýraveiðar á svæðunum þar í kring.

## Svarljóð til Líú Jatsú

Það var ekki auðvelt  
að tendra himin Kína  
Í heila öld  
dönsuðu djöflar og óvættir óáreittar  
darraðardans sinn  
Alþýðan  
var fimm hundruð sundraðar milljónir

Þá gól haninn  
það birti  
hljómlist hvarvetna  
Allar þjóðir vorar syngja og dansa  
einnig í Jútén  
Aldrei hafa skáldin fengið slíkan innblástur.<sup>21</sup>

---

<sup>21</sup> Bragarháttur: „Lækjarsandur í Húan“. Ort í október 1950. Í athugasemd við þetta ljóð skrifar Maó: „Við hátíðarsýningu með Úíghúr-donsum (Úíghúrar búa í Síngíang-fylki þar sem er borgin Jútén) á ársafmæli Alþýðulýðveldisins Kína 1. október 1950, mælti Líú Jatsú af munni fram ljóð við lagið „Lækjarsandur í Húan.“ Ég svaraði næsta dag með öðru undir sama formi og notaði sömu endaorðin“.

## Peitæhó

Regnstormar æða yfir Jújen  
hvítar bylgjur rísa til himins  
Fiskibátarnir frá Tsínhúangtá  
sem sigldu um hafið  
eru horfnir –  
Hvar eru þeir nú?

Fyrir nærri tvö þúund árum  
sveiflaði keisarinn Vei Vú svipu sinni hér:  
„Austur til Tséhsjáh!“  
Enn í dag er ljóð hans lesið  
Já  
þá sem nú blésu „haustvindar kaldir og einmana“  
en  
heimurinn er annar!<sup>22</sup>

---

<sup>22</sup> Bragarháttur: „Bárur skola strönd“. Ort sumarið 1954. Peitæhó er sjávarþorp norðaustan við Hópei rétt hjá Tsínhúangtá. Jújen er gamalt nafn á Hópei. Illinn stríðsglaði keisari Vei Vú (eða Tsá Tsá) (220-280 e.Kr.) fór á sínum tíma norðaustur á bóginn gegn törturum í Vúhan. Á leið sinni fór hann framhjá Tsehsiih, klettakeri nálægt Peitæhó sem i aldanna rás hefur horfið í hafið. Þarna reit hann ljóð sem hefst með ljóðlínunni „Austur til Tsésjáh“. Önnur þekkt ljóðlína úr því er „haustvindar kaldir og einmana“.

## Sundsprettur

Ég er nýbúinn að fá mér vatn að drekka  
úr Tsjangsjá  
og snæða fisk úr Vútsjang  
Nú syndi ég yfir hina breiðu Jangtsekíang  
og sé inn í víðan Tsjú-himininn  
Hvað gerir til þótt vindar gnauði  
og bylgjur risi?  
Þetta er betra  
en að reika aðgerðarlaus um lystigarð  
Loks er ég frjáls  
„Vitringurinn sagði  
er hann stóð á bakka fljótsins:  
„Þannig gengur allt mannlíf“ „

Möstur svigna i vindinum  
en Skjaldbakan og Slangan hreyfast ekki  
Mikil áætlun verður til  
- svífandi brúarbogi skal tengja suðrið og norðrið  
djúpt gil verður alfaraleið  
Á vesturbakkanum  
verða byggðir steinmúrar  
sem halda aftur af regnskýjum Tröllkonufjalls  
Djúpur dalur breytist í kyrrt stöðuvatn  
Komi Fjallgyðjan til að svara kveðju vorri  
mun hún undrandi fá að sjá  
að heimurinn er orðinn allur annar.<sup>23</sup>

---

<sup>23</sup> Bragarháttur: „Söngur vatnsins“. Ort í júní 1956. Samkvæmt kínverskri þjóðtrú búa illar vættir í vatninu. Þess vegna tíðkaðist sundíþrótt ekki í Kína fyrr en eftir að Maó sem alla ævi hefur verið ákafur sundáhugamaður opnaði möguleikana með fyrirmynd sinni. Sumarið 1956 synti hann þrisvar yfir Jangtsekíang. Tvær fyrstu línur ljóðsins eru umsnúningur á gömlu þjóðkvæði: „Heldur viljum við drekka vatn úr Tsénjeh/ en snæða fisk úr Vútsjan“. - Brúin yfir Jangtsekíang var í byggingu árið 1956 og tilbúin ári síðar. Árið 1956 var einnig verið að reisa stíflu í fljótinu. – Samkvæmt fornum goðsögnum elskaði Fjallgyðjan á Tröllkonufjalli prins nokkurn og birtist honum að morgni sem ský. Auk þess leiddi hún marga villur vega og olli slysum.

## Svar til Lí Sjújí

Ég missti mína stoltu Jang  
þú misstir þinn Líú  
Bæði gengu þau beint  
inn í þann hæsta hinna níu himna  
Þau spyrja Vú Kang  
hvað hann hafi á boðstólum  
og Vú Kang gefur þeim kassía-vín

Mánagyðjan  
hin einmana Tsjang Ó  
breiðir út víðar ermar sínar  
hún dansar fyrir hina tryggu  
í voldugu andrúminu  
Allt í einu  
berast þær fréttir frá jörðu  
að tígrisdýrið sé fallið  
Sem þétt regn falla þá gleðitár þeirra.<sup>24</sup>

---

<sup>24</sup> Bragarhátturn: „Fiðrildið elskar blóm“. Ort í maí 1957. Lí Sjújí er kennari í Tsjangsjá. Hún er ekkja eftir Líú Tsíhsún, fornvín Maós og féлага í Kommúnistaflokki Kína frá 1923. Hann féll 1933. Eiginkona Maós, Jang Kæhúi sem verið hafði góð vinkona Lí var tekin af lífi af Kúomintang-liðum árið 1930. Vu Kang er vera úr kínverskri goðafræði. Að refsingu fyrir afbrot sem hann hafði framið varð hann að höggva greinar af kassíatrénu á tunglinu. Um leið og ein grein var hoggin af óx þar ný. Kassíavín var mjöður hinna ódauðlegu. Tsjang Ó stal víninu og komst undan til mánans með það. En vistin þar varð henni óþolandi einmanaleg, segir goðsögnin. Tígrisdýrið er hér tákn fyrir þá sem börðust gegn Rauða hernum.

## Fyrsta kveðja til farsóttarguðsins

(Í Dagblaði Alþýðunnar 30. júní 1958 las ég að tekist hefði að útrýma Schístósómíasis-sýklinum í Júkíangfylki. Ég varð svo hrærður yfir þessu að ég gat með engu móti sofnað. Þegar morgunvindarnir feyktu burt þungu loftinu og sólin skein á gluggann minn, virti ég fyrir mér suðurhimininn og skrifaði í gleði minni þessar línur:)

Grænn litur vatnanna  
og blámi fjallanna  
voru til einskis  
jafnvel hinn mikli Húa Tó  
gat ekkert aðhafst  
gegn einni lírfu  
þúsund þorp  
gróin yfir grasi  
yfirgefin  
Tíu þúsund heimili  
- aðeins draugar og djöflar bjuggu þar

Vér getum setið róleg  
- en færst með jörðu áttatíu þúsund lí  
hvern dag  
vér getum rannsakað stjörnuþokur  
á ferð vorri  
Spyrji Smalinn eftir Farsóttarguðinum  
svaraðu þá:  
-- sömu áhyggjur ber að höndum sem fyrr.<sup>25</sup>

---

<sup>25</sup> Sjökvæð áttenda. Ort 1. júlí 1958. Húa Tó var mikill læknir á tímaskeiði Konungdæmanna þriggja (220-264 e.Kr.). Schístósómíasis-sýkillinn er ein af plágum hins forna Kína. Sýkillinn sest inan á maga manna og dýra, svo að fæðan helst ekki niðri og sjúklingurinn deyr úr sulti. - Þegar einhver dó óeðlilegum dauðdaga, var það útbreidd trú í Kína að sál hans hyrfi ekki af staðnum heldur yrði eftir og kveinaði þar til hún fyndi sér nýjan bústað - Samkvæmt goðsögninni býr smali á stjörnu einni í Mjólkurþokunni. Hann er einn af vörðum himins og ber ábyrgð á mönnum og húsdýrum. - Ummál jarðar er 80.000 lí.

# Önnur kveðja til farsóttarguðsins

Milljónir pílvíðargreina  
í vorblænum  
Hinar sex hundruð milljónir  
í Ríkinu mikla  
eru orðnar jafnvígar Sjún og Já  
Ekrurnar hafa umskapast í rauðar bylgjur  
að vorri ósk  
Græn fjöllin lúta vilja vorum  
og breytast í brýr

Á Tindunum fimm  
blika skörðin sem silfur  
Fljótin þrjú  
sem létu jörð vora skjálfa  
tæma úr sér járnormum  
Vér spyrjum  
Farsóttarguðinn:  
Hvert er ferð þinni heitið?  
Vér skulum brenna þér pappírskápa og kerti  
að skilnaði.<sup>26</sup>

---

<sup>26</sup> Sjökvæð áttthenda. Ort 1. júlí 1958. Tilfni: Sjá ljóðið hér á undan. -Já og eftirmaður hans, Sjún, sem lifðu á 23. öld f.Kr., sameinuðu Kína í eitt ríki í fyrsta sinn, samkvæmt fornum sögusögnum kínverskum. Rauðar bylgjur: Hér mun annað hvort vera átt við rauð fikjublómin eða hirsisakrana þegar hirsíð er farið að ná þroska. - Í Kína voru hinum látnu brenndir pappírskápar og kerti við jarðarfarið.

## Aftur til Sjásjan

(Hinn 25. júní 1959 fór ég í ferð til Sjásjan. Ég hafði farið þaðan úr þorpinu 32 árum áður.)

Tærar myndir frá brottförinni  
og frá þorpinu í þá tíð  
Ég syrgi rás tímans  
- síðan þá eru liðin þrjátíu og tvö ár  
Rauði fáninn  
blakti á spjótum leiguliða  
svartur hnefi harðstjórans  
lyfti svipunni til höggs

Þeirra vegna sem vildu fórna sér  
fylltumst vér öll nægu hugrekki  
til að skipa sólu og tungli  
að gefa oss nýjan dag!  
Hrísekrur og grænmetisakrar  
skína í þúsund bylgjum  
Hetjurnar  
snúa heim af ökrunum í kvöldmóðunni.<sup>27</sup>

---

<sup>27</sup> Sjökvæð áttenda. Ort 25. júní 1959. Sjásjan í Húnan-fylki er fæðingarþorp Maós. Þar skipulagði hann baráttu leiguliða gegn jarðeigendum. Sumarið 1927 varð hann að flýja.

## Lúsjan

Tignarlegt fjallið  
rís við Fljótið mikla  
Ég hef gengið fjögur hundruð hringi upp á við  
til að komast að grænum tindinum  
Af ástríðufullri athygli  
gaumgæfi ég heiminn handan hafsins  
Hlýr vindur blæs regndropum  
af himni og fjalli

Ský drjúpa yfir Fljótunum nú  
og Sumarskála gulu trönunnar  
Bylgjur skvetta hvítu löðri  
að gömlu Vú-bæjunum  
Heimspekingurinn Tá er farinn sína leið  
- enginn veit hvert –  
skyldi hann einmitt núna  
vera að yrkja jörðina í Fíkjublómalandi?<sup>28</sup>

---

<sup>28</sup> Sjökvæð átthenda. Ort 1. júlí 1959. Lúsjan-fjall er við vesturhlið Pójangvatns í Kíangsí. Hið gamla ríki Vú svarar til núverandi Kíangsí-fylkis. Fljótin nú eru hliðarelfur Jangtsekíang (Fljótsins mikla). - Um Sumarskála gulu trönunnar, sjá næstfremsta ljóðið hér að framan. – Heimspekingurinn Tá var Tá Tsén (372-427 e.Kr.) frá Norður-Kíangsí, mikið skáld og frægur einbúi. Eitt þekktasta verk hans er „Fíkjublómaland“ sem segir frá þrá höfundar eftir friði og hamingju á tímum ringulreiðar og ófriðar.

# Konurnar í Alþýðuhernum

(Áritun á ljósmynd)

Lifandi sem blærinn!  
Hraustar og glæsilegar  
með langar byssur sínar  
þegar fyrstu logar morguns  
varpa birtu sinni á æfingasvæðið

Þessar dætur Kína  
hafa þúsund ný markmið  
þær elska ekki lengur  
rauð stásslæðin  
þær elska búninga sína.<sup>29</sup>

---

<sup>29</sup> Sjökvæð fjórhenda. Ort í febrúar 1961. „Dætur Kína“ hafa frá fornu fari klæðst rauðu við brúkaup og aðrar stórhátíðar. Rauði liturinn er í Kína litur ástar og hamingju.

## Svar til vinar

Hvít ský  
berast yfir Tsíu-Jí-fjall  
Prinsessur  
ríða vindi til Grænu fjalla  
Bambusinn  
er markaður þúsund stöðum  
eftir tár þeirra  
Þúsundir rósrauðra skýja  
eru klæðnaður þeirra

Bylgjutoppar Túng-Tíng-vatns  
þyrlast að himni eins og snjófjúk  
Alþýðan á Appelsínuey syngur  
svo að jörðin bifast  
Ég læt mig dreyma um hið óendanlega:  
um morgunsólina  
sem að eilífu  
mun skína yfir land Híbískus-blómanna.<sup>30</sup>

---

<sup>30</sup> Sjökvæð áttenda. Ort 1961. Tsíu-Jí-fjall, Túng-Tíng-vatn og Appelsínuey eru öll í Húnan-fylki. Að því er sagnir herma, grétu eiginkonur Sjúns keisara - hinar tvær dætur Jás keisara - svo við dauða manns síns, að tárin festust við bambusinn. Í Mið-Kína eru rauðar doppur sem líkjast tárur á bambusum. - „Land Híbískus-blómsins, þar sem hin eilífa sól skín“ var nafnið, sem hirðskald Tang-keisaraættarinnar nefndu Húnan.

# Áritun á ljósmynd félaga Lí Tsín af helli hinna ódauðlegu á Lúsjan-fjalli

Í hálfbirtu rökkursins  
stendur traustvaxin fura  
Rytjulegt ský  
læðist hægt framhá  
Hellir hinna ódauðlegu  
er verk náttúrunnar  
Fegurðin  
í endalausri fjölbreytni sinni  
á sér bústað  
hér  
meðal þessara villtu tinda.<sup>31</sup>

---

<sup>31</sup> Sjökvæð fjórhenda. Ort 9. september 1961. Lúsjan er fjall sem haft hefur sérstakt kyngimagn á Kínverja. Hellarnir í fjallinu hafa verið afdrep flóttafólks og einsetumanna. Þetta fjall er við vesturbakka vatnsins Pójang í Kiangsí. Í hugmyndafræði taóismans merkti furan afl, langlifi og ódauðleika.

## Svar til félagu Kúó Mójó

Vindar og þrumur riðu á jörðu  
um leið steig Afturgangan  
upp af bleikum beinahaug  
Þótt Munkurinn sé einfaldur  
má samt breyta honum  
en Afturgöngunni  
hinum illa anda  
verður að eyða

Gullapinn  
hefur sveiflað völdugum staf sínum  
silkihiminninn  
er nú hreinn af ryki  
Í dag skulum vér þjóða velkominn  
vitringinn Sún Vúkúng  
því að þoka andans  
hefur birst á ný.<sup>32</sup>

---

<sup>32</sup> Sjökvæð áttenda. Ort 17. nóvember 1961. Ljóð þetta er ort sem svar við ljóði eftir Kúó Mójó. Bæði hann og Maó nota goðsögur og þjóðsögur sem allir Kínverjar þekkja til að lýsa pólitísku ástandi í Kína og í heiminum. Hér er hugsanlega fjallað um baráttuna milli tveggja stefna innan Kommúnista-flokks Kína - stefnu Maós og stefnu Líú Sjátsís. Sumir skýrendur álíta þó að í þessu ljóði sé fremur eða jafnframt sveigt að Sovétríkjunum. Afturgangan sé þá nútíma endurskoðunarstefna, Munkurinn sé Krústjoff og Gullapinn (og Vitringurinn Sún) marx- og lenínismi kínverskra kommúnista. Annars eru þessi nöfn öll tekin úr forni kínverskri þjóðtrú.

## Vetrarplómutréð

Vindur og regn kveðja vorið  
snjóflygsur bjóða það velkomið  
brattur kletturinn er ísi þakinn  
En  
þarna er ein blómstrandi grein!

Hún er falleg  
samt vill hún ekki vera sjálfvorið  
aðeins boðberi þess  
Þegar fjallablómin glóa  
eins og silkitraf  
mun hun brosa meðal þeirra.<sup>33</sup>

---

<sup>33</sup> Bragarháttur: „Spámaðurinn“. Ort í desember 1961. Blóm vetrarplómutrésins var þjóðarblóm Kína og blóm hins fullkomna samhengis. Tréð ber blóm í desember. Ljóðið er ort í tilefni hugmyndafræðilegs ágreinings Kína og Sovétríkjanna. Sovétríkin hættu skyndilega öllum stuðningi við kínversku byltinguna - á tíma þegar efnahagur Kína stóð ákaflega höllum fæti. Sagt er að Maó hafi látið ljóðið ganga á milli félaga sinna í miðstjórn flokksins til að styrkja og efla baráttuþrek þeirra.

## Vetrarský

Vetrarský  
þung af snjó  
hvít snjófiðrildi þyrlast um  
þúsund blóm visna og deyja  
ísvindar  
þjóta yfir himininn  
en af jörðu stígur samt  
heitur  
óskynjanlegur  
andardráttur hennar

Aðeins hetja  
megnar að reka Tígrisdýrið  
og Hlébarðann  
á flóttu  
Enginn hugrakkur maður  
hræðist Björninn  
Nú blómstrar plómutréð  
undir snæhimninum  
- Til hvers er þá að hafa áhyggjur  
af helfrosnum flugum?<sup>34</sup>

---

<sup>34</sup> Sjökvæð áttenda. Ort 26. desember 1962 á 69 ára afmælisdegi Maós. Þetta ljóð fjallar sem það næsta á undan um einangrun Kína. Tígrisdýrið og Hlébarðinn merkja heimsvaldaseggi hins kapítalíska heims, Björninn er hér tákni Sovétríkjanna.

## Svarljóð til félaga Kúó Mójó

Á þessum örlitla hnetti  
ráðast flugur á vegg  
þær suða án afláts  
hræddar  
örvinglaðar  
Á jóhannesarbrauðstrénu  
gortar einn mauranna:  
- Við eigum stórt land  
og ekkert er auðveldara  
en að grafa undan risatrénu  
Vestanvindar  
feykja laufi yfir Tsjangan  
Örvar  
þjóta suðandi hjá

Svo margri dáð  
ætti að vera lokið  
hvert andartak krefst skipulags  
jörðin snýst  
himinninn hverfist  
- Bíða í árpúsundir?  
Það er of lengi –  
MÆTUM DEGI!  
Höfin fjögur skulu mylja hlekkina  
ský og bylgjur  
skulu settar af stað  
meginlöndin fimm skulu skjálfa  
vindar og þrumur skulu öskra:  
- Afl vort er ósigrandi  
sópum burt öllum meindýrum!<sup>35</sup>

---

<sup>35</sup> Bragarhátur: „Gjörvallt fljótið er rautt“. Ort 9. janúar 1963. Ljóð þetta er svar við vinarljóði fra Kúo Mójó til Maós. Tveimur dögum áður en þetta var ort hafði PRAVDA birt fyrstu opinberu árásina á Kína. Flugurnar hljóta að merkja þá, sem Maó álitur vera endurskoðunarsinna almennt. Maurarnir eru leiðtogar Sovétríkjanna. Tsjangan merkir hér Kína.

## Gengið á ný á Tsíngkang-fjöll

Löngum hef ég þráð  
að snerta skýin –  
ganga á Tsíngkang enn einu sinni  
Ég hef ferðast þúsund lí  
Gamall svipur þess  
er nú markaður nýjum dráttum

Gulþröstur syngur  
svölur dansa  
vatn seitlar fram víðsvegar  
há tré rjúfa þokuna með krónum sínum  
Eftir að hafa farið framhjá hylidýpunum  
í Húangjangtséh  
- hættulegum þverhnípunum –  
þarf ekki að skoða neitt meir.

Þá voru vindar og þrumur í lofti  
svo að small í fánum og flöggum  
Landið  
endurheimti friðinn  
Þrjátíu og átta ár  
eru liðin  
- fingurbjargarfylli af elfi tímans -  
Það er hægt að klífa  
upp í Níunda himin  
til að hernema mánann  
Það er hægt að stíga  
niður í Höfin fimm  
til að veiða skjaldbökur  
Þá heilsa okkur sigursöngvar  
og gleðihlátrar  
Í þessum heimi er ekkert ómögulegt  
hafirðu aðeins viljann  
til að rísa upp.<sup>36</sup>

---

<sup>36</sup> Bragarháttur: „Söngur vatnsins“. Ort 1965. Birtist fyrst í janúar 1976. Maó formaður gengur á ný á Tsíngkang-fjöll þar sem fyrsta hernaðar-  
bækistöð byltingarsinna var. - Hann minnst fornra afreka, minnst þess  
sem áunnist hefur og bregður upp mynd af möguleikum byltingarinnar eins  
og þeir blasa við honum í dag. Ljóðið er því annars vegar tákmynd þeirrar  
baráttu sem kínverska þjóðin hefur háð gegn kapitalisma og endur-  
skoðunarstefnu, gegn heimsvaldastefnu og sósíalheimsvaldastefnu, gegn  
arðráni og kúgun, - hins vegar hvatning til þjóðarinnar um að halda  
baráttunni áfram og gefast ekki upp fyrr en fullum sigri er náð.

## Tveir fuglar ræðast við

Risafuglinn  
blakar vængjum sínum  
eins og blævængjum  
svífur níutíu þúsund lí  
vekur upp æðisgengna hvirfilvinda  
Handan hans er heiðblár himinn  
Hann lítur niður  
til að virða fyrir sér heim mannsins  
borgir og bæi  
Vopnaleiftur lýsa upp himin  
sprengikúlur tæta upp jörðina  
Spörfugl í runni stirðnar af ótta  
„Hvílíkur glundroði –  
hvílíkar hörmungar!  
Nei  
nú flýg ég á braut“

„Hvert  
ef ég má spyrja?“  
Og spörfuglinn svarar:  
„Í höll búna gimsteinum  
á hæðum huldulanda  
(Veistu ekki  
að undir björtum hausthimni  
fyrir tveimur árum  
var þríhliða samningur undirritaður?)  
Þar verður nóg til matar  
funheitar kartöflur  
glóðarsteikt naut“  
„Hættu -  
þetta er innantómt blaður!  
Líttu á -  
hér er allt á hvolfi  
heimurinn umturnaður!“<sup>37</sup>

---

<sup>37</sup> Bragarháttur: „Nén Nú er fögur“. Ort 1965. Birtist fyrst í janúar 1976. Þetta ljóð er fordæming á endurskoðunarsinum, færð í búning fornar þjóðsögu um risafuglinn og spörfuglinn. Risafuglinn tákna hér marx- og lenínista, þá sem horfa langt og stefna hátt. Spörfuglinn sem heldur sig í kjarrinu tákna endurskoðunarsinna, huglausa og gagnbyltingarsinnða fals-“sósíalista“ sem hræðast og óttast um eigin limi í hvert sinn sem alþýðan rís upp. Endurskoðunarsinnar predika um draumahallir „á hæðum huldu-landa“, fá fólk til að treysta á samningamakk og „afvopnunar“-ráðstefnur en á meðan undirbúa þeir nýja heimsstjryöld, nýja vopnaða uppskiptingu markaðanna í heiminum.